



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Ákvörðun nr. 22/2019**

**Heildsöluverð fyrir lúkningu símtala í  
föstum almennum talsímanetum**

Mál nr. 2019070071

**24. október 2019**



## EFNISYFIRLIT

**Bls.**

1	Inngangur .....	3
2	Forsendur ákvörðunar .....	4
2.1	Tilmæli framkvæmdastjórnar ESB og ESA varðandi lúkningarverð í farsímanetum og föstum netum .....	4
2.2	Ákvörðun PFS nr. 22/2016 .....	5
2.3	Fyrri ákvarðanir PFS um lúkningarverð á markaði 1 (markaður 3/2008) út frá verðsamanburði .....	7
3	Útreikningur á lúkningarverði.....	9
4	Niðurstaða PFS .....	12



## 1 Inngangur

- 1) Ákvörðun þessi byggir á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 22/2016, dags. 23. desember 2016, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum. Samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)<sup>1</sup> frá 2016 um skilgreiningu á heildsölumörkuðum fjarskiptaþjónustu tilheyrir lúkning símtala í einstökum föstum almennum talsímanetum markaði 1.
- 2) Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 22/2016 skal ákvarða hámarksverð fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum með verðsamanburði. PFS hefur nú framkvæmt verðsamanburð til að ákvarða þessi verð. PFS fylgdi sömu aðferðafræði við þennan verðsamanburð og viðhöfð var í síðasta verðsamanburði á þessum markaði. PFS notar niðurstöðu verðsamanburðarins til að ákvarða heildsöluverð hér á landi fyrir lúkningu símtala í fastanetum frá 1. janúar til 31. desember 2020.
- 3) PFS efndi til innanlandssamráðs um frumdrög að þessari ákvörðun þann 9. ágúst 2019 og lauk samráðinu þann 30. ágúst sl. Engar athugasemdir bárust stofnuninni í samráðinu.
- 4) Drög að ákvörðuninni voru send til ESA og annarra eftirlitsstofnana á EES-svæðinu til samráðs þann 20. september sl., sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB. Samráðinu lauk þann 21. október sl. og hefur PFS mótttekið álit ESA sem fylgir með í viðauka II við ákvörðun þessa. ESA gerði engar athugasemdir við ákvörðunardrögin.
- 5) Í eftirfarandi köflum er farið nánar yfir lagaforsendur, aðferðafræði og útreikninga sem leiddu til niðurstöðu PFS.

---

<sup>1</sup> EFTA Surveillance Authority Recommendation of 11 May 2016 on relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to *ex ante* regulation in accordance with the Act referred to at point 5c1 of Annex XI to the EEA Agreement (*Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communication networks and services*).



## 2 Forsendur ákvörðunar

- 6) PFS byggir ákvörðun sína á fjarskiptalögum, fyrri ákvörðunum stofnunarinnar og tilmælum framkvæmdastjórnar ESB og ESA um afskipti fjarskiptaeftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum frá 13. apríl 2011<sup>2</sup>.
- 7) Samkvæmt 4. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga getur PFS við útreikninga á kostnaði tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst hagkvæmt rekin, tekið mið af gjaldskrá á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum fjarskiptafyrirtækisins.
- 8) Í 12. tl. tilmæla framkvæmdastjórnar ESB og ESA um afskipti fjarskiptaftirlitsstofnana af lúkningarverðum er heimild fyrir eftirlitsstofnanir eins og PFS að beita verðsamanburði til að ákvarða lúkningarverð, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.
- 9) Í ákvörðun PFS nr. 22/2016 er kveðið á um að PFS skuli árlega taka ákvörðun um hámarks lúkningarverð íslenskra fjarskiptafyrirtækja, í kjölfar verðsamanburðar við EES-ríki samkvæmt nánar tiltekinni aðferðarfræði, eigi síðar en 1. nóvember ár hvert sem gilda skulu frá og með 1. janúar árið eftir.
- 10) Nánar er fjallað um þær forsendur sem liggja að baki ákvörðun þessari í eftirfarandi undirköflum.

### 2.1 Tilmæli framkvæmdastjórnar ESB og ESA varðandi lúkningarverð í farsímanetum og föstum netum

- 11) Framkvæmdastjórn ESB gaf út tilmæli varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum í maí 2009<sup>3</sup>. Framkvæmdastjórnin taldi kvaðir varðandi lúkningarverð ekki vera nægilega einsleitar í aðildarríkjum sambandsins og ákvað því að gefa út tilmæli sem stuðla ættu að samræmingu. ESA gaf út sambærileg tilmæli þann 13. apríl 2011.
- 12) Meginreglan samkvæmt tilmælunum er að eftirlitsstofnanir eigi að kveða á um lúkningargjöld sem taka mið af kostnaði við lúkningu símtala í farsímanetum og föstum netum sem verður til í hagkvæmt hönnuðu fjarskiptaneti í samræmi við kostnaðarlíkan sem byggir á langtíma viðbótarkostnaðar (LRIC) aðferðinni<sup>4</sup>. Horft er til væntrar framtíðarþróunar á grundvelli núverandi kostnaðar og miðað er við hagkvæmustu tæknilegu lausnir, s.s. næstu kynslóðar net (NGN). Um er að ræða hreint (e. pure) gangverðs bottom-up<sup>5</sup> LRIC kostnaðarlíkan, svokallað hreint BU-LRIC.

<sup>2</sup> EFTA Surveillance Authority Recommendation of 13 April 2011 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EFTA States.

<sup>3</sup> COMMISSION RECOMMENDATION of 7.5.2009 on the Regulatory Treatment of Fixed and Mobile Termination Rates in the EU.

<sup>4</sup> Langtíma viðbótarkostnaður (e. Long-run incremental cost, LRIC), þ.e. kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin þjónusta eða starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur.

<sup>5</sup> Talað er um „bottom-up“ (BU) líkan þegar um er að ræða útreikninga á kostnaði út frá verkfræðilegu líkani af fjarskiptaneti á viðkomandi fjarskiptamarkaði. Líkanið byggir á ímynduðu (e. hypothetical) netkerfi sem er hagkvæmt hannað og nýtir hagkvæmustu tæknilausnir sem í boði eru hverju sinni.



13) Viðeigandi viðbótarpjónusta (e. increment) í hreinu BU-LRIC líkani er lúkning símtala í heildsölu. Viðeigandi viðbótarkostnaður eða umflýjanlegur kostnaður (e. avoidable costs) vegna heildsöluþjónustu fyrir lúkningu símtala er mismunur milli heildarkostnaðar netrekanda sem veitir fulla heildsöluþjónustu og heildarkostnaðar sama netrekanda án lúkningar heildsöluþjónustu til þriðja aðila. Með öðrum orðum, eingöngu er reiknaður sá kostnaður vegna lúkningar sem fellur niður ef viðkomandi þjónustu er hætt.

14) Samkvæmt framangreindum tilmælum ESA var fjarskiptaeftirlitsstofnunum veittur almennur aðlögunarfrestur til 31. desember 2012 til að undirbúa og innleiða hreint BU-LRIC kostnaðarlíkan.

15) Fjarskiptaeftirlitsstofnunum sem búa við takmörkuð aðföng (e. less well-resourced regulators) var skv. 12. gr. tilmælanna veittur lengri aðlögunarfrestur eða til 1. júlí 2014. Þá er tilgreint í þessari grein að ef það bryti gegn meðalhófsreglu að þvinga fjarskiptaeftirlitsstofnun með takmörkuð aðföng til að beita þeirri aðferð sem mælt er með í tilmælunum eftir 1. júlí 2014 geta slíkar stofnanir haldið áfram að beita annarri aðferðafræði þar til tilmælin verði endurskoðuð, nema BEREC<sup>6</sup> aðstoðaði hana faglega og/eða fjárhagslega við að beita tilgreindri aðferð.

16) PFS telst til þeirra fjarskiptaeftirlitsstofnana sem búa við takmörkuð aðföng. Slíkum stofnunum er heimilt að beita t.d. verðsamanburði í stað þeirrar kostnaðargreiningaraðferðar sem mælt er fyrir um ef sýnt er fram á að sú aðferð skili útkomu sem samrýmist markmiðum tilmælanna. Útkoma úr annarri aðferð en hreinu BU-LRIC á ekki að vera hærri en meðalverð þeirra EES-ríkja sem beita hreinni BU-LRIC aðferð við útreikning lúkningargjalda.

17) Í samræmi við ofangreint hefur PFS ákvarðað lúkningarverð undanfarin ár með verðsamanburði og eingöngu tekið mið af samanburðarríkjum þar sem lúkningarverðið hefur verið ákvarðað með hreinni BU-LRIC aðferðarfræði.

18) Í kjölfar endurskoðunar á tilmælum framkvæmdastjórnarinnar var ákveðið að lúkningarverð í Evrópusambandinu yrðu ákvörðuð miðlægt. Evrópusambandið hefur gefið út tilskipun nr. 2018/1972 (European Electronic Communications Code) dags. 11. desember 2018. Tilskipunin felur í sér heildarendurskoðun á fjarskiptaregluverkinu og kveður m.a. á um að hámarksverð fyrir lúkningu símtala í Evrópusambandinu skuli ákvörðuð með framseldri gerð (e. delegated act). Samkvæmt 75. gr. tilskipunarinnar skal Framkvæmdastjórnin ákvarða lúkningarverð í Evrópusambandinu fyrir 31. desember 2020 með slíkri gerð. Tilskipunin hefur hins vegar ekki enn verið tekin upp í EES-samninginn og þ.a.l. hefur hún ekki verið innleidd hér á landi en vinna við það er hafin.

19) Þar til ákvæði þessarar nýju tilskipunar og gerðarinnar hafa tekið gildi hér á landi mun PFS halda áfram að ákvarða lúkningarverð hér á landi út frá verðsamanburði við EES-ríki þar sem lúkningarverð er ákvarðað með hreinni BU-LRIC aðferðarfræði.

## 2.2 Ákvörðun PFS nr. 22/2016

20) Hvað varðar framkvæmd verðsamanburðarins sem fjallað er um hér vísar PFS í ákvörðun stofnunarinnar nr. 22/2016, dags. 23. desember 2016, um útnefningu fyrirtækja með

<sup>6</sup> Body of European Regulators for Electronic Communications.



umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum föstum almennum talsímanetum. Ákvörðunin byggir á markaðsgreiningu sem stofnunin framkvæmdi. Heildsölumarkaður fyrir lúkningu símtala í einstökum föstum almennum talsímanetum er númer 1 samkvæmt tilmælum ESA<sup>7</sup> um skilgreiningu á heildsölumörkuðum fjarskiptaþjónustu en var áður númer 3 samkvæmt eldri skilgreiningu ESA frá 2008.

21) Með hliðsjón af skilgreiningu og greiningu á samkeppni á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í fastaneti (markaður 1) og í samræmi við 2. mgr. 17. gr. sbr. 18. gr. fjarskiptalaga ákvað PFS að útnefna Símann hf. (Síminn), Fjarskipti hf., nú Sýn hf. (Vodafone), Nova ehf. (Nova), Símafélagið ehf. (Nova hefur keypt Símafélagið og sameinað rekstri Nova), Hringdu ehf. (Hringdu) og Tismi BV (Tismi) með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði.

22) Á öll fyrirtækin voru lagðar kvaðir um aðgang, jafnræði og eftirlit með gjaldskrá.

23) Í kvöð um eftirlit með gjaldskrá var tilgreint að hámarksverð fyrir lúkningu símtala yrði ákvarðað með verðsamanburði samkvæmt heimild í 4. mgr. 32. gr. laga um fjarskipti. Það var mat PFS að stofnunin væri að óbreyttu ekki í stakk búin til að beita BU-LRIC kostnaðargreiningaraðferð á viðkomandi markaði á næstu árum sökum skorts á fjárheimildum, starfsfólki og sérþekkingu. Jafnframt var ljóst að miðað við óbreytt fjarskiptalög þá stundi PFS ekki til boða að nýta sér aðstoð frá BEREC við gerð BU-LRIC kostnaðarlíkans. Í því ljósi taldi PFS að eðlilegast væri að miða við verðsamanburð þar sem samanburður yrði gerður við ríki sem beita hreinni BU-LRIC aðferð samkvæmt fyrrgreindum tilmælunum ESA.

24) Að mati PFS hefur skapast fyrirsjáanlegt verklag við ákvörðun lúkningarverða með verðsamanburði sem skapar fjarskiptafyrirtækjum stöðugt og fyrirsjáanlegt rekstrarumhverfi. Verðsamanburðurinn hefur sömuleiðis reynst hagkvæm og skilvirk leið til að ná fram þeim markmiðum um lúkningarverð sem sett eru fram í framangreindum tilmælum ESA.

25) Þá var tilgreint í fyrrgreindri ákvörðun að hámarks lúkningargjöld skyldu áfram vera þau sömu hjá öllum fyrirtækjunum, þ.e. samhverf gjöld. Í eldri markaðsgreiningu PFS á þessum markaði (ákvörðun PFS nr. 36/2012<sup>8</sup>) var einnig kveðið á um samhverf lúkningarverð og beitingu verðsamanburðar við ákvörðun hámarksverðs fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum. Því var ekki um að ræða breytingu á framkvæmd verðkvaðar í ákvörðun PFS nr. 22/2016.

26) Eftirfarandi meginforsendur voru settar til viðmiðunar við val á samanburðarríkjum og útreikning á heildsölugjaldi fyrir lúkningu símtala í fastaneti þegar verðsamanburði væri beitt:

- Miða skyldi við þau EES-ríki þar sem lúkningarverð fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði lyti gjaldskráeftirliti fjarskiptaeftirlitsstofnunar

<sup>7</sup> EFTA Surveillance Authority Recommendation of 11 May 2016 on relevant product and service markets within the electronic communications sector susceptible to *ex ante* regulation in accordance with the Act referred to at point 5cl of Annex XI to the EEA Agreement (*Directive 2002/21/EC of the European Parliament and of the Council on a common regulatory framework for electronic communication networks and services*).

<sup>8</sup> Ákvörðun um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir upphaf og lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum, dags. 14. desember 2012.



viðkomandi ríkis á grundvelli kostnaðargreininga þar sem beitt væri hreinni BU-LRIC aðferð.

- Samanburður á verðum skyldi miðast við niðurstöður um lúkningarverð samkvæmt útreikningum sem byggðu á hreinu LRIC líkani sem lægi fyrir 30. apríl á því ári sem verðsamanburður færi fram hverju sinni.
- Miða skyldi við verð fyrir skiptistöðvar (single transit/layer 2)<sup>9</sup>.
- Miða skyldi við mínútuverð á 3ja mínútna símtali.<sup>10</sup>
- Miða skyldi við meðalgengi viðkomandi ársfjórðungs.<sup>11</sup>
- Miða skyldi við að fyrir lægi formleg ákvörðun hjá viðkomandi eftirlitsstofnun.
- Miða skyldi við að ákvarðað verð væri ekki hærra en hreint meðaltal þeirra ríkja sem uppfylltu ofangreind skilyrði á viðmiðunartíma.

27) Þá kom fram að PFS myndi árlega á gildistíma ákvörðunarinnar endurtaka verðsamanburð með ofangreindum forsendum og ákvarða hámark lúkningargjalda sem taka ætti gildi frá og með 1. janúar ár hvert í samræmi við niðurstöður verðsamanburðarins. PFS myndi birta niðurstöður úr samanburðinum eigi síðar en 1. nóvember ár hvert með ákvörðun (vegna verða sem tæku gildi frá og með 1. janúar árið eftir), í kjölfar innanlandssamráðs og samráðs við ESA. Að jafnaði ætti að nota öll þau ríki í verðsamanburðinn sem uppfylltu ofangreind skilyrði.

### **2.3 Fyrri ákvarðanir PFS um lúkningarverð á markaði 1 (markaður 3/2008) út frá verðsamanburði**

28) Í upphafi árs 2015 framkvæmdi PFS verðsamanburð í samræmi við ákvörðun PFS nr. 36/2012. Niðurstaða verðsamanburðarins var sett fram í ákvörðun PFS nr. 19/2015, dags. 30. júlí 2015, þar sem kveðið var á um að niðurstaða verðsamanburðarins sem stofnunin framkvæmdi yrði grundvöllur hámarksverða fyrir lúkningu símtala í fastanetinu. Tengigjöld sem voru í gildi á þessum tíma voru felld niður frá og með 1. janúar 2016.

29) PFS endurtók verðsamanburðinn 2016, 2017 og 2018. Niðurstaða síðasta verðsamanburðar stofnunarinnar á þessum markaði var birt í ákvörðun PFS nr. 18/2018, dags. 25. október 2018. Þar var kveðið á um 0,12 kr./mín hámarksgjald fyrir lúkningu símtala í föstum talsímanetum hjá Símanum, Vodafone, Nova, Símafélaginu, Hringdu og Tismi frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2019.

30) Við framkvæmd þessara verðsamanburða hefur PFS tekið tillit til framangreindra tilmæla ESA varðandi afskipti eftirlitsstofnana af lúkningarverðum í farsímanetum og föstum netum. PFS valdi samanburðarlöndin í samræmi við 12. gr. umræddra tilmæla ESA.

31) Framangreindum ákvörðunum um verðsamanburð var ekki skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála né dómstóla.

---

<sup>9</sup> Þetta kemur ekki í veg fyrir það að tekið sé mið af niðurstöðu í ríkjum þar sem ekki er gerður greinarmunur á verði fyrir mismunandi tengisvæði ef verðkvöð er til staðar fyrir skiptistöðvar.

<sup>10</sup> Gert er ráð fyrir að símtal sé að meðaltali 3 mínútur, reiknað er samkvæmt formúlunni: meðalmínútuverð = tengigjald/3 + mínútugjald.

<sup>11</sup> PFS styðst í þessu efni m.a. við framkvæmd BEREC í reglubundnum verðsamanburði.



32) Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 18/2018 eru núgildandi heildsöluverð fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum á Íslandi 0,12 kr./mín. og gildir það verð til 31. desember 2019.

33) Í ákvörðun þessari sem hér eru til umfjöllunar er fjallað um verð sem mun gilda á árinu 2020.



### 3 Útreikningur á lúkningarverði

34) Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 22/2016, um útnefningu fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumörkuðum fyrir lúkningu símtala í einstökum föstum almennum talsímanetum, hefur PFS nú tekið saman verð á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í einstökum föstum almennum talsímanetum EES-ríkja til að nota í verðsamanburð. Við gagnaöflum styðst PFS við upplýsingar úr CIRCABC gagnasafni Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ECom gagnasafni ESA, skýrslum frá Cullen International<sup>12</sup> og verðsamanburði<sup>13</sup> BEREC sem og upplýsingar sem finna má á heimasíðu viðkomandi fjarskiptaeftirlitsstofnana.

35) PFS fylgir sömu aðferðafræði við þennan verðsamanburð og gert var í síðasta verðsamanburði. Ákvörðun PFS nr. 18/2018, dags. 25. október 2018, um heildsölugjaldskrá fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum, var ekki skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála né dómstóla.

36) Við val á samanburðarlöndum miðar PFS við fjarskiptamarkaði á EES-svæðinu, en um er að ræða 31 ríki að Íslandi meðtöldu.

37) Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 22/2016 voru eftirfarandi meginforsendur lagðar til grundvallar við útreikning á lúkningarverðum:

- Miðað var við þau EES-ríki þar sem lúkningarverð fyrirtækja með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði lýtur gjaldskráreftirliti fjarskiptaeftirlitsstofnunar viðkomandi ríkis á grundvelli kostnaðargreininga þar sem beitt er hreinni BU-LRIC aðferð.
- Samanburður á verðum miðaðist við niðurstöður um lúkningarverð samkvæmt útreikningum byggðum á hreinu BU-LRIC líkani sem lágu fyrir 30. apríl 2019.
- Notast var við verð fyrir skiptistöðvar (single transit/layer 2)<sup>14</sup>.
- Notast var við meðalgengi á öðrum ársfjórðungi 2019.
- Miðað var við að fyrir lægi formleg ákvörðun hjá viðkomandi eftirlitsstofnun.
- Miðað var við að ákvarðað verð væri hreint meðaltal lúkningarverða í þeim ríkjum sem uppfylla ofangreind skilyrði á viðmiðunartíma.

38) Niðurstaðan er mínútuverð fyrir lúkningu símtals án tengigjalds eða sundurgreiningar í dag-, nætur- eða helgartaxta.

39) Á þeim tíma sem verðsamanburður PFS fór fram hafði viðkomandi eftirlitsstofnun í 20 EES ríkjum tekið ákvörðun um lúkningarverð fyrir skiptistöðvar (single tranist/layer 2) í fastanetum sem byggja á hreinu BU-LRIC líkani. Nokkur ríki<sup>15</sup> sem hafa reiknað verð fyrir lúkningu í fastaneti með hreinu BU-LRIC líkani eru undanskilin í verðsamanburðinum þar sem verðkvöðin nær ekki til skiptistöðva.

<sup>12</sup> Cullen International hefur einnig veitt nánari upplýsingar sem ekki koma fram í skýrslum þeirra.

<sup>13</sup> „Termination rates at European level“ January 2019, BoR (19) 91.

<sup>14</sup> Tekið er mið af niðurstöðu í ríkjum þar sem ekki er gerður greinarmunur á verði fyrir mismunandi tengisvæði ef verðkvöð er til staðar fyrir skiptistöðvar.

<sup>15</sup> Frakkland, Írland, Ítalía og Bretland.

40) Í ljósi þess að verið er að ákvarða verð sem gilda munu á árinu 2020 skoðaði PFS hvort fyrir lægi verð fyrir lúkningu símtala sem gilda munu á því ári. Þetta er í samræmi við fyrri framkvæmd PFS við verðsamanburð á þessum markaði. Að mati PFS ber þó eingöngu að miða við endanleg verð og ekki taka inn í verðsamanburðinn þau verð sem eftir er að uppfæra miðað við verðbólgu eða aðra þætti.

41) PFS miðar því við niðurstöðu um verð fyrir lúkningu símtala sem gilda eiga á árinu 2020 þegar það liggur fyrir, en að öðru leyti er miðað við verð sem taka gildi á árinu 2019 eða voru í gildi 30. apríl 2019.

42) Eftirfarandi tafla sýnir verð (umreiknað í íslenskar krónur sbr. gengistöflu í viðauka I) fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum samkvæmt hreinu BU-LRIC líkani í viðkomandi ríkjum:

**Tafla 3.1 Yfirlit yfir þau lönd sem notuð eru í verðsamanburðinum**

Ríki	Lúkning 2019 kr./mínútu	Lúkning 2020 kr./mínútu	Samanburðarverð kr./mínútu
AT Austurríki	0,168		0,168
BE Belgía	0,160	0,160	0,160
BG Búlgaría	0,099	0,099	0,099
DK Danmörk	0,076		0,076
GR Grikkland	0,075		0,075
NL Holland	0,192		0,192
HR Króatía	0,134		0,134
CY Kýpur	0,063		0,063
LT Litháen	0,179		0,179
LU Lúxemborg	0,190		0,190
MT Malta	0,061		0,061
NO Noregur	0,071	0,071	0,071
PT Portúgal	0,065		0,065
RO Rúmenía	0,193		0,193
SK Slóvakía	0,135		0,135
SI Slóvenía	0,121		0,121
ES Spánn	0,113		0,113
SE Svíþjóð	0,038		0,038
CZ Tékkland	0,177		0,177
HU Ungverjaland	0,111		0,111
Meðaltal	0,121		0,121

43) Í þeim löndum sem samanburðurinn nær til var eingöngu um að ræða mínútagjöld án sérstakra tengigjalda en með ákvörðun PFS nr. 19/2015 voru tengigjöld felld niður hér á landi.



Í flestum ríkjunum í samanburðinum er ekki lengur mismunandi gjald fyrir dagtaxta og nætur- og helgartaxta.<sup>16</sup>

44) Samkvæmt ofangreindu er hreint meðaltal lúkningarverða í þessum ríkjum 0,12 kr./mín<sup>17</sup> sem svarar til 0,088 €sent/mín.

---

<sup>16</sup> Þar sem fyrir liggur mínútuverð eða meðalmínútuverð m.t.t. umferðar þá er það notað í samanburðinn en að öðrum kosti er notað hreint meðaltal þeirra taxta sem liggja fyrir.

<sup>17</sup> Lækkað úr 0,121 í 0,12 kr./mín.

## 4 Niðurstaða PFS

45) Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 22/2016 eru lúkningarverð símtala í föstum almennum talsímanetum ákvörðuð út frá niðurstöðu verðsamanburðarins sem stofnunin hefur framkvæmt og lýst er hér að framan.

46) Með verðsamanburðinum fæst meðalmínútuverð þeirra ríkja sem samanburðurinn nær til. PFS notar niðurstöðu verðsamanburðarins til að ákvarða mínútuverð fyrir lúkningu símtala í fastaneti án tengigjalds.

47) Í samræmi við niðurstöðuna úr framangreindum verðsamanburði er það niðurstaða PFS að heildsölugjald fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum á Íslandi skuli vera **0,12 kr./mín.** fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020. Um er að ræða hámarks heildsöluverð á mínútu án virðisaukaskatts. Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 22/2016 eiga gjöldin að vera þau sömu hjá öllum fyrirtækjunum. Núverandi lúkningarverð er 0,12 kr./mín. og því helst lúkningarverðið óbreytt.

48) Í eftirfarandi töflu má sjá yfirlit yfir lúkningarverð í föstum almennum talsímanetum fjarskiptafyrirtækja á þessu ári og því næsta:

**Tafla 4.1 Lúkningarverð í föstum talsímanetum fjarskiptafyrirtækja**

Fyrirtæki	Eining	Verð	
		til 31. des. 2019	1. jan. - 31. des. 2020
Síminn	kr./mín.	0,12	0,12
Vodafone	kr./mín.	0,12	0,12
Nova	kr./mín.	0,12	0,12
Hringdu	kr./mín.	0,12	0,12
Tismi	kr./mín.	0,12	0,12

Heimild: Póst og fjarskiptastofnun

49) Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 22/2016 ber stofnuninni að endurskoða lúkningarverð árlega til samræmis við niðurstöðu verðsamanburðar PFS, sem lokið skal með ákvörðun fyrir 1. nóvember ár hvert. Evrópusambandið gaf hins vegar út tilskipun nr. 2018/1972 (European Electronic Communications Code) þann 11. desember 2018. Tilskipunin kveður m.a. á um að hámarksverð fyrir lúkningu í fastaneti í Evrópusambandinu skuli ákvörðuð með framseldri gerð (e. delegated act). Samkvæmt 75. gr. tilskipunarinnar skal Framkvæmdastjórnin ákvarða lúkningarverð í Evrópusambandinu fyrir 31. desember 2020 með slíkri gerð. Tilskipunin hefur ekki enn verið tekin upp í EES-samninginn og þ.a.l. hefur hún ekki verið innleidd hér á landi en vinna við það er hafin.

50) Þar til annað hefur verið ákveðið með lögum eða reglugerð hér á landi mun PFS fylgja ákvörðun stofnunarinnar nr. 22/2016 við ákvörðun lúkningarverða.



## Ákvörðunarorð

- 1) Í samræmi við verðsamanburð sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur framkvæmt skulu heildsölugjöld fyrir lúkningu símtala í föstum almennum talsímanetum, eins og þau eru tilgreind í ákvörðun PFS nr. 22/2016, vera 0,12 kr./mín. fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020. Núverandi lúkningarverð, 0,12 kr. á mínútu, mun gilda áfram óbreytt til og með 31. desember 2019. Lúkningarverðið mun því haldast óbreytt fram yfir næstu áramót.
- 2) Um er að ræða hámarks heildsöluverð án virðisaukaskatts.
- 3) Ákvörðun þessi tekur gildi frá þeim degi sem hún er birt og verður í gildi þar til annað er ákveðið af Póst- og fjarskiptastofnun.
- 4) Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Reykjavík, 24. október 2019

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Óskar Þórðarson

Viðauki I: Gengistafla.  
Viðauki II: Álit ESA.